

**Nd.**

**63. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 1600 krónur, en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 900 krónur til hvers þeirra og greiðast úr rikissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948, og falla samtímis úr gildi lög nr. 107 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

**Greinargerð.**

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frumvarp eftir tilmælum landbúnaðarráðherra, og er tilefnið ágreiningur, sem varð á síðasta ári um launagreiðslur yfirullarmatsmanna samkvæmt lögum nr. 107 31. des. 1945.